

Alþingi

Erindi nr. Þ 113 / 741

komudagur 27/2 1991



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

Fjárhags- og viðskiptanefnd
Neðri deildar Alþingis
Páll Pétursson formaður
b.t. Þorsteins Magnússonar
Alþingi
150 Reykjavík

Hús verslunarinnar
103 Reykjavík
Sími/Telephone 91-678910 (354-1-678910)
Myndsími/Telefax 91-686564 (354-1-686564)
Telex 2316 Chambr is

Reykjavík, 25. febr. 1991.

Verslunarráði Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga nr. 196, 176. mál, 113 löggjafarþing, um grundvöll lánsviðskipta, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl.

Það er alkunna að margir hafa freistast til þess að ganga í ábyrgðir fyrir kunningja, vini eða ættingja án þess að gera sér ljóst hvaða skuldbindingar þeir taka á sig með áritun sinni. Eru mörg sorgleg dæmi þess hvað slík óvarkárni hefur leitt af sér fyrir þann sem ábyrgð hefur óvænt fallið á.

Frumvarpi þessu virðist ætlað að koma í veg fyrir að persónulegar ábyrgðir séu veittar að ókönnuðu máli, af hálfu ábyrgðarmanns. Væri mikill ávinningur ef það markmið næðist. Ýmis atriði frumvarpsins horfa til bóta, en önnur eru svo almenns eðlis að þau sýnast lítið erindi eiga inn í lög, sbr. 1. og 2. gr.

Það sýnist lítt framkvæmanlegt og óraunhæft að leggja þá skyldu alfarið á herðar lánveitanda að upplýsa ábyrgðarmann um hvað það sé sem hann er að ábyrgjast. Það sýnist frekar vera hlutverk lántakanda, enda er það hann sem þarf að útvega ábyrgðina en ekki lánveitandi. Sönnunarbyrði um hvort ábyrgðarmaður hafi fengið fullnægjandi upplýsingar er torveld. Ef ástæða þykir til að lögfesta reglur um slík atriði, er lagt til að sú regla yrði á þá leið, að persónuleg ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum þriðja aðila verði því aðeins tekin gild, að viðkomandi ábyrgðarmaður undirriti yfirlýsingu þess efnis, að honum sé kunnugt eðli þeirrar ábyrgðar, sem hann gengst undir, og um þær afleiðingar sem vanefndir lántakanda kunni að leiða til

Virðingarfyllst,

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Sigvaldi Þorsteinsson